



# Öryggisblöð (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 1027/2005 og tilskipunum 91/155/EEC og 67/548/EEC.

## 1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **ÍSÓBÚTÝLASETAT**

Notkun: Til iðnaðar.

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Útgáfudagsetning: 02.01.2007

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamíðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

## 2. Samsetning / upplýsingar um innihald.


CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
110-19-0	203-745-1	Ísóbútýlasetat	-	F H11-66

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

## 3. Varúðarupplýsingar.

Mjög eldfimt. Endurtekin eða langvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.



## 4. Skyndihjálp.

Við innöndun:	Tryggið hreint loft. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.
Snerting við húð:	Skolið strax vandlega með nægu vatni.
Snerting við augu:	Skolið vandlega með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið.
Við inntöku:	Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.

## 5. Viðbrögð við eldsvoða.

Efni/aðferðir: Notið viðeigandi öndunartæki við slökkvistörf. Heppileg slökkviefni eru kolsýra, duft eða vatnsúði. Notið alkohólþolna froðu á stærri elda. Notið ekki háþrýsta vatnssprautu.

Sérstök hættu: -

## 6. Efnaleki.

Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Látið efnið ekki berast í niðurföll, vatnsfarvegi eða vötn. Varist leka í kjallara eða önnur lágt liggjandi rými. Notið sand, jarðveg, sag eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Ef efnið berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

**7. Meðhöndlun og geymsla.**

*Meðhöndlun:* Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi. Forðist úðamyndun. Fjarlægð allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.

*Geymsla:* Geymist í vel lokuðum umbúðum á þurrum og köldum stað. Geymið fjarri oxunarmiðlum.

**8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.**

*Tæknilegar aðgerðir:* Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi.

*Mengunarmörk:* Ísóbútýlasetat: (MG) 150 ppm 700 mg/m<sup>3</sup>

*Persónuhlífar;*

*Öndunargrímur:* Þar sem mengun er lítil eða unnið er með efnið í stuttan tíma er nægilegt að nota öndunargrímu með viðeigandi síu. Notið ferskloftstæki ef unnið er með efnið í lengri tíma eða ef hætta er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

*Fyrir augu:* Vel lokuð hlífðargleraugu.

*Fyrir hendur:* Leysiefnaþolnir hlífðarhanskar úr bútýlgúmmíu eða PVA.

*Fyrir húð:* Viðeigandi hlífðarfatnaður.

*Hreinlæti við vinnu:* Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu.

**9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.**

*Ástand / útlit / lykt:* Vökvi / litlaus / ávaxtalykt

*Sýrustig (pH):* 6 (4 g/l við 20°C)

*Bræðslumark:* – 99°C

*Suðumark:* 114 - 118°C

*Blossamark:* 19°C

*Sprengimörk; neðri - efri:* 1,3 - 10,5% vol. (við 38°C). Efnið er ekki sprengifimt en getur myndað sprengifima blöndu með andrúmslofti.

*Íkveikimörk:* 405°C

*Gufuþrýstingur:* 20 hPa við 20°C

*Gufuþéttni:* -

*Seigja:* 0,96 mPas

*Eðlisþyngd:* 0,87 g/sm<sup>3</sup> við 20°C

*Leysni:* Leysni í vatni við 20°C er 7 g/l

*Deilistuðull, n-oktanól/vatn:* -

**10. Stöðugleiki og hvarfgirni.**

*Stöðugleiki:* Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.

*Aðstæður sem skal forðast:* Hár hiti, beint sólarljós

*Efni sem skal varast:* Oxunarmiðlar, sýrur, basar. Hvarfast kröftuglega við oxunarmiðla (getur valdið sprengingu). Eldfimt gas myndast við hvörf við sýrur. Ljós kemur af stað efnahvörfum.

*Hættuleg niðurbrotsefni:* Etansýra, CO og CO<sub>2</sub>.

**11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.**

*Við innöndun:* Endurtekin eða langvarandi innöndun getur valdið ofnæmi.

*Snerting við húð:* Endurtekin eða viðvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

<i>Snerting við augu:</i>	Ertandi.
<i>Við inntöku:</i>	-
<i>Bráð eiturrhif:</i>	LD50 (inntaka, kanínur): 5000 mg/kg LD50 (inntaka, rottur): 13100 mg/kg LC50 (innöndun, rottur): 2000 mg/l/4 klst.
<i>Langtímaáhrif:</i>	Endurtekin eða langvarandi innöndun getur valdið ofnæmi.

**12. Hættur gagnvart umhverfinu.**

<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Efnið hefur litla leysni í vatni. BOD28 98% ThoD (UK) BOD5 60% ThoD (UK). Lífrænt niðurbrot gengur greiðlega.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	EC50 (vatnafló): 168 mg/l/48 klst. LC50 (fiskur, <i>Leuciscus idus</i> ): 220 mg/l/48 klst.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	-

**13. Förgun.**

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.
<i>Lög um förgun og meðhöndlun úrgangs:</i>	Lög nr. 55/2003, lög nr. 33/2004.

**14. Flutningur.**

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 3	UN-nr.: 1213	Númer og bókstafur: F1
	Nafn efnis: ISOBUTYL ACETATE		
	Varúðarmerki: 3	Hættunr.: 33	Pökkunarflokkur: II
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 3	UN-nr.: 1213	Pökkunarflokkur: II
	Ems: F-E,S-D MFAG:		
	Nafn efnis: ISOBUTYL ACETATE		
	Varúðarmerki: 3		Sjávarmengandi:
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 3	UN-nr.: 1213	Pökkunarflokkur: II
	Nafn efnis: ISOBUTYL ACETATE		
	Varúðarmerki: 3		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

**15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.**

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: F

MJÖG  
ELDFIMT

<i>Inniheldur:</i>	Ísóbútýlasetat	<i>EB-nr.:</i> 203-745-1
<i>H - setningar:</i>	H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
<i>V - setningar:</i>	V16	Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
	V23	Varist innöndun gufu/úða.
	V25	Varist snertingu við augu.
	V33	Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.
	V29	Má ekki losa í niðurfall.
	(V2)	GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

*Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:*

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

#### 16. Aðrar upplýsingar.

*Gert þann:* 02.01.2007 *Dagsetning frumrits:* 19.03.2003

*Breytt þann:* - *Breyttir liðir:* -

*Gert fyrir:* OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

*Unnið af:* EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:*

H11 Mjög eldfimt.

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

*Annað:* Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á efniseiginleikum.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá QUARON, NL 3336 LH Zwijndrecht, Netherland.